



Vinnuskóli Reykjanesbæjar

Skýrsla sumarið 2022

Efnisyfirlit

1. Vinnuskóli Reykjanesbæjar
2. Umsjónarteymið
3. Garðyrkjudeild Reykjanesbæjar
4. Undirbúningur sumarsins
5. Fjöldi og hlutverk starfsfólks
6. Tölfræði yfir umsóknir grunnskólanema
7. Vinnuskólahópur Skjólans
8. Samstarfsaðilar
9. Fræðsludagur UNGRNB og forvarnardagur Fjörheima.
10. Heilsa og líðan starfsfólks vinnuskólans
11. Atvik

Upplýsingasíða og umsóknarvefur Vinnuskóla Reykjanesbæjar

<https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/menntun-og-fraedsla/vinnuskoli-reykjanesbaejar>

1. Vinnuskóli Reykjanesbæjar

Vinnuskóli Reykjanesbæjar tilheyrir umhverfis og skipulagssviði Reykjanesbæjar, og tilheyrir starfsemi Umhverfismiðstöðvar Reykjanesbæjar. Sumarið 2022 hafði starfsfólk vinnuskólans, forstöðumaður, yfirflokkstjórar og flokkstjórar aðsetur í 88 húsinu og er það von vinnuskólans að þar hafi vinnuskólinn aðsetur til framtíðar.

Vinnuskólinn býður öllum grunnskólanemum í 8. bekk, 9. bekk og 10. bekk sumarstarf. Vinnuskólinn er almennt fyrsta starf grunnskólanema og er því mikilvægt að starfið sé vel undirbúið, að starfsfólk taki vel á móti nemendum til starfa og hugi vel að þeim yfir sumarið. Starfið felur í sér almenna götuhreinsun og beðahreinsun. Sumarið 2022 unnu grunnskólanemar mánudaga til fimmtudaga, 8. bekkur frá 08:30 – 11:30 en 9. og 10. bekkur frá 08:30 – 15:30.

Vinnuskólinn felur í sér sjö starfssvöðvar grunnskólanema og eru þær staðsettar við; Akurskóla, Háaleitisskóla, Heiðarskóla, Holtaskóla, Myllubakkaskóla, Njarðvíkurskóla og Stapaskóla. Garðyrkjudeild tilheyrir einnig starfsemi vinnuskólans og eru starfsstöðvar garðyrkjudeildar breytilegar.

2. Umsjónarteymið

Umsjónarteymi vinnuskólans samanstendur af forstöðumanni ásamt fjórum yfirflokkstjórum A, B, C og D, þar af starfa A og B á skrifstofu og C og D við verklegt skipulag og verklegt eftirlit. Starf umsjónarteymisins felur í sér skipulag á bæði starfi vinnuskólans og starfi garðyrkjudeildar, með aðstoð og leiðsögn Berglindar Ásgeirsdóttur umhverfisstýru Reykjanesbæjar.

Umsjónarteymið sumarið 2022 samanstóð af; Anítu Lind Róbertsdóttur sálfræðinema með 7 ára reynslu af vinnuskólanum, (A) Hreggvið Hermannssyni sálfræðinema með 5 ára starfsreynslu af vinnuskólanum, (B) Stelli Björk Einarsdóttur uppeldis- og menntunarfræðing með 2 ára starfsreynslu af vinnuskólanum, (C) Fannari Gílassyni verkfræðinema með 5 ára

starfsreynslu af vinnuskólanum og (D) Alexandru Mist Gunnarsdóttur tómstunda- og félagsfræðinema með 5 ára starfsreynslu af vinnuskólanum.

3. Garðyrkjudeild Reykjanesbæjar

Garðyrkjudeild Reykjanesbæjar býður ungmendum 18 ára og eldri störf við almenna garðyrkju og skógrækt. Sumarið 2022 voru umsóknir 34 talsins en einungis 20 starfsmenn ráðnir inn í garðyrkjudeild. Starfsfólki var skipt í þrjá hópa; garðyrkjuhópur, blómahópur og skógræktarhópur. Í garðyrkjuhóp var einn flokkstjóri og sjö starfsmenn, í blómahóp var einn flokkstjóri og þrjú starfsmenn og í skógræktarhóp voru tveir flokkstjórar og tíu starfsmenn. Um mánaðarmótin júní – júlí hafði starfsfólki í garðyrkjuhóp fækkað mikið og var því ákveðið að færa þá sem eftir voru yfir í skógræktarhóp. Vinnutími garðyrkjudeildar var mánudaga til fimmtudaga, frá 08:00-16:00 en þar af sjö klukkustundir launaðar.

4. Undirbúningur sumarstarfsins 2022

Störf vinnuskólans voru auglýst í febrúar 2022 og voru ráðningar gerðar á forstöðumanni, yfirflokkstjórum og flokkstjórum í byrun apríl. Forstöðumaður vinnuskólans Aníta Lind Róbertsdóttir hóf störf þann 2. maí og hóf þá undirbúning á móttöku yfirflokkstjóra A, B, C, og D sem hófu störf þann 11. maí. Mikilvægt var að undirbúa móttöku þeirra vel, til að geta veitt þeim góðan og faglegan undirbúning fyrir starfið framundan.

Starf forstöðumanns fól í sér skipulag á öllu starfi vinnuskólans og garðyrkjudeildar, ráðningar og undirritun ráðningasamninga, mannauðsmál, tímaskráningu og launamál starfsfólks, úrlausn vandamála og samskipti við foreldra, nemendur og samstarfsaðila vinnuskólans með aðstoð yfirflokkstjóra.

Yfirflokkstjórar A og B á skrifstofu tóku við og samþykktu umsóknir, úthlutuðu nemendum starfsstöðvar, hittu samstarfsaðila vinnuskólans, og áttu góð samskipti við foreldra nemenda með sérþarfir. Yfirflokkstjórar A og B settu upp og héldu kynningar fyrir nemendum 8. bekkjar í skólastofum þeirra undir lok maí til að hvetja til þátttöku í vinnuskólanum. Það er mat okkar að kynningarnar skiluðu góðum árangri, bæði hvað varðar fjölda umsókna og viðhorf og hegðun nemenda á vinnutíma. Einnig settu yfirflokkstjórar A

og B upp kynningar fyrir flokkstjóra til að undirbúa flokkstjóra vel fyrir starfið framundan. Haldinn var kynning fyrir fjóra til fimm flokkstjóra í senn, og farið ítarlega yfir þroskaáskoranir, ofbeldi, og fleira sem mikilvægt er að hafa þekkingu á þegar starfað er með börnum, ungmennum og fólki almennt.

Yfirflokkstjórar C og D settu upp verklegt verkefnaplan bæði fyrir flokkstjóra og grunnskólanema í forritinu Excel online og höfðu umsjón með samfélagsmiðlum vinnuskólans í samstarfi við forstöðumann. Yfirflokkstjórar C og D sóttu fimm vinnubíla til Hertz, og komu fyrir verkfærakistum á starfsstöðvar grunnskólanema og á starfsstöðvar garðyrkjudeildar. Einnig tóku þeir góðan þátt í kynningum fyrir flokkstjóra.

Flokkstjórar hófu störf þann 16. maí þar sem þeir sinntu almennum garðyrkjustörfum ásamt því að sitja kynningar sem undirbúning fyrir starfið.

Eftirfarandi kynningar voru haldnar fyrir flokkstjóra sumarið 2022; skyndihjálparnámskeið á vegum hjúkrunarfræðings sem fól í sér þjálfun á mikilvægum skyndihjálparaðferðum og fræðslu á algengum sjúkdómum; kynning frá mannauðsstjóra Reykjanesbæjar á skipulagi og stefnum Reykjanesbæjar með tilliti til vinnuskólans og ;kynning frá yfirsálfræðing Reykjanesbæjar sem bar heitið „Börn gera vel þegar þau geta“ þar sem stuðlað var að jákvæðu hugarfari flokkstjóra til nemenda. Flokkstjórar fengu einnig rafræna kynningu á áhættumati og öryggi ungmenna á vinnustað.

Líkt og fyrr segir hélt umsjónarteymið einnig góðar kynningar fyrir flokkstjóra þar sem farið var vel yfir þroskaáskoranir og ofbeldi, ásamt því að mikilvægir verkferlar voru kynntir fyrir flokkstjórum við ýmsum atvikum.

5. Fjöldi og hlutverk starfsfólks

Í heildina unnu 40 starfsmenn hjá Vinnuskóla Reykjanesbæjar sumarið 2022. Þar af einn forstöðumaður, fjórir yfirflokkstjórar, 36 flokkstjórar þar af; fjórir í garðyrkjudeild, 28 flokkstjórar í grunnskólum, einn með vinnskólahóp Skjólansins og tveir með Listasmiðjur Fjörheima. Umsóknir voru 81 í flokkstjórastarfið, þar af 56 í hefðbundið flokkstjóra starf, 15 í garðyrkjudeild og 10 í vinnskólahóp Skjólansins. Umsóknir voru 33 talsins í yfirflokkstjórastarfið. Hér má sjá yfirlit yfir starfsmenn og hlutverk þeirra.

Forstöðumaður	Aníta Lind Róbertsdóttir
Yfirflokkstjóri A	Hreggviður Hermannsson
Yfirflokkstjóri B	Stella Björk Einarsdóttir

Yfirflokkstjóri C	Fannar Gíslason
Yfirflokkstjóri D	Alexandra Mist Gunnarsdóttir
Garðyrkjuhópur	Birgitta Hallgrímsdóttir
Blómahópur	Lovísa Ósk Davíðsdóttir
Skógrækt	Sigurlaug Herdís Friðriksdóttir
Skógrækt	Þorsteinn Goði Ólafsson
Akurskóli 8. bekkur	Eygló Nanna Antonsdóttir
Akurskóli 8. bekkur	Gígja Guðjónsdóttir
Akurskóli 9. bekkur	Emil Örn Gunnarsson
Akurskóli 10. bekkur	Eyþór Atli Aðalsteinsson
Háaleitisskóli 8. bekkur	Hjördís Lilja Traustadóttir
Háaleitisskóli 8. bekkur	Anna Ingunn Svansdóttir
Háaleitisskóli 9. bekkur	Bjarni Már Ástþórsson
Háaleitisskóli 10. bekkur	Viðar Már Ragnarsson
Heiðarskóli 8. bekkur	Urður Falsdóttir
Heiðarskóli 8. bekkur	Þórunn Friðriksdóttir
Heiðarskóli 9. bekkur	Fannar Freyr Einarsson
Heiðarskóli 10. bekkur	Garðar Franz Gíslason
Holtaskóli 8. bekkur	Magnús Magnússon
Holtaskóli 8. bekkur	Andri Már Ingvarsson
Holtaskóli 8. bekkur	Svala Rún Magnúsdóttir
Holtaskóli 9. bekkur	Rúnar Smári Sigurðarson
Holtaskóli 10. bekkur	Rafnar Ólafsson
Myllubakkaskóli 8. bekkur	Sonja Bjarney Róbertsdóttir
Myllubakkaskóli 8. bekkur	Elva Rún Davíðsdóttir
Myllubakkaskóli 9. bekkur	Stefán Júlían Sigurðarson
Myllubakkaskóli 10. bekkur	Aron Smári Ólafsson
Njarðvíkurskóli 8. bekkur	Sonja Steina Guðmundsdóttir
Njarðvíkurskóli 8. bekkur	Birgitta Rós Jónsdóttir
Njarðvíkurskóli 9. bekkur	Falur Orri Guðmundsson
Njarðvíkurskóli 10. bekkur	Eyþór Einarsson
Stapaskóli 8. bekkur	Harpa Rós Guðnadóttir

Stapaskóli 8. bekkur	Tanja Marín Unnarsdóttir
Stapaskóli 9. bekkur	Fannar Freyr Einarsson
Stapaskóli 10. bekkur	Ragnar Ingi Sigurðarson
Vinnuskólahópur Skjólans	Christopher Andri Hill
Listasmiðja Fjörheima	Omar Richardo Rondon
Listasmiðja Fjörheima	Inga Jódís Kristjánsdóttir

6. Tölfræði yfir umsóknir grunnskólanema

740 grunnskólanemar voru skráðir í árgangana skólaárið 2021-2022, og bárust umsóknir um starf hjá vinnuskólanum frá 526 nemendum. 71% grunnskólanema sóttu því um sumarstarf hjá Vinnuskóla Reykjanesbæjar sumarið 2022, sem er sama hlutfall og árið 2021. Um 223 nemendur störfuðu hjá samstarfsaðilum vinnuskólans, og voru því um 303 nemendur í hefðbundnu starfi við starfsstöðvar grunnskólana.

Líkt og fyrr segir voru umsóknir 526 talsins, þar af 200 nemendur í 8.bekk, 190 nemendur í 9.bekk og 136 nemendur í 10.bekk. Heiðarskóli bjó yfir hæsta hlutfalli umsókna (76%) þegar horft er til nemendafjölda Heiðarskóla (84 umsóknir af 111 nemendum). Flestar umsóknir bárust þó frá nemendum Holtaskóla (91 umsóknir) en Holtaskóli bjó yfir fjölmennasta elsta stiginu af grunnskólum svæðisins þetta skólaárið (126 nemendur). Lægsta hlutfall umsókna barst frá nemendum Háaleitisskóla (56%), en hópurinn var þrátt fyrir það fjölmennur.

Vert er að minna á að stór hluti nemenda fóru til starfa hjá samstarfsaðilum vinnuskólans (42%), svo þó að nemendur Háaleitisskóla hafi verið nokkuð færri en nemendur annarra skóla þá var Háaleitisskóli einn fjölmennasti hópurinn í hefðbundnu starfi vinnuskólans. Sem dæmi fór stór hluti nemenda Heiðarskóla til starfa hjá samstarfsverkefnum okkar, var því hópur Heiðarskóla í hefðbundnu starfi nokkuð fámennur.

Tafla 1

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar eftir árgöngum.

Árgangur	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8.bekkur	200	251	80% nemenda
9.bekkur	190	240	79% nemenda
10.bekkur	136	249	55% nemenda
Samtals	526	740	71% nemenda

Tafla 2

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar eftir skólum.

Grunnskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
Akurskóli	72	104	69%
Háaleitisskóli	62	111	56%
Heiðarskóli	84	111	76%
Holtaskóli	91	126	72%
Myllubakkaskóli	66	96	69%
Njarðvíkurskóli	73	115	63%
Stapaskóli	56	77	73%
Samtals	526	740	71%

Tafla 3

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda Akurskóla eftir árgöngum.

Akurskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8.bekkur	25	37	66%
9.bekkur	20	27	74%
10.bekkur	27	40	66%
Samtals	72	104	69%

Tafla 4

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda Háaleitisskóla eftir árgöngum.

Háaleitisskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8.bekkur	29	42	69%
9.bekkur	19	33	58%
10.bekkur	14	36	39%
Samtals	62	111	56%

Tafla 5

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda Heiðarskóla eftir árgöngum.

Heiðarskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8.bekkur	28	33	85%
9.bekkur	35	41	85%
10.bekkur	21	37	57%
Samtals	84	111	76%

Tafla 6

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda Holtaskóla eftir árgöngum.

Holtaskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8.bekkur	31	39	79%
9.bekkur	37	47	79%
10.bekkur	23	40	58%
Samtals	91	126	72%

Tafla 7

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda Myllubakkaskóla eftir árgöngum.

Myllubakkaskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8.bekkur	23	25	92%
9.bekkur	22	27	81%
10.bekkur	21	44	48%
Samtals	66	96	69%

Tafla 8

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda Njarðvíkurskóla eftir árgöngum.

Njarðvíkurskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8.bekkur	32	44	73%
9.bekkur	23	34	68%
10.bekkur	18	37	49%
Samtals	73	115	63%

Tafla 9

Hlutfall fjölda umsókna og fjölda nemenda Stapaskóla eftir árgöngum.

Stapaskóli	Fjöldi umsókna	Fjöldi nemenda	Eftirspurn eftir starfi
8.bekkur	25	31	80%
9.bekkur	26	31	84%
10.bekkur	5	15	33%
Samtals	56	77	73%

7. Vinnuskólahópur Skjólans

Í vinnuskólanum er mikill fjöldi nemenda með ýmsar sérþarfir, nokkrir hafa verið í Skjólinu síðastliðin tvö ár og var því ákveðið að setja upp svokallaðan Vinnuskólahóp Skjólans fyrir þá nemendur en hópurinn var þó opinn öllum sem óskuðu þess að tilheyra honum. Ætlunin var að skapa nemendum með sérþarfir öruggt vinnuumhverfi, aðlagað að sérþörfum hvers og eins.

Starfsstöð hópsins var í 88 húsinu og flokkstjóri hópsins var Christopher Andri Hill fyrrum starfsmaður Skjólsins. Í hópnum voru fimm til sex nemendur, og var flokkstjóri hópsins í beinum og góðum samskiptum við foreldra þeirra. Flokkstjóri hópsins útbjó dagskrá fyrir hvern og einn nemanda til að mæta þörfum og dagsformi hvers og eins einstaklings. Starfið gekk afar vel og ætlum við okkur að þróa hugmyndina enn frekar til að geta skapað enn fleiri nemendum með sérþarfir vinnuumhverfi sem mætir þörfum hvers og eins, og hvetur þau þannig til þátttöku í vinnuskólanum. Það er mat umsjónarteymisins að það þyrfti að ráða að lágmarki tvo til þrjá flokkstjóra til að annast þennan hóp, ef við ættum að geta boðið öllum þeim sem þurfa upp á þennan valmöguleika. Mikilvægt er að flokkstjórar hópsins hafi góða þekkingu eða jafnvel reynslu af ýmsum þroskaáskorunum, t.d. einhverfu og ADHD.

8. Samstarfsaðilar

Vinnuskólinn hefur lengi átt gott samstarf við íþróttafélög og ýmsar stofnanir, sem dæmi leikskóla Reykjanesbæjar, í formi þess að nemendum stendur til boða að starfa hjá þessum samstarfsaðilum en fá greidd laun frá vinnuskólanum. Samstarfið gekk afar vel sumarið 2022 og er stefnan að þróa það enn frekar til hins betra komandi ár. Samstarfsaðilar sumarið 2022 voru eftirfarandi; Dósasel, Fimleikadeild Keflavíkur, Gólfklúbbur Suðurnesja, Hjálpræðisherinn, Skjólið, Júdo, KFUM og KFUK, Keflavíkurkirkja, Knattspyrnudeild Keflavíkur, Knattspyrnudeild Njarðvíkur, Kofabyggð, Körfuknattdeild Keflavíkur, Körfuknattdeild Njarðvíkur, Leikskólinn Akur, Leikskólinn Garðasel, Leikskólinn Gimli, Leikskólinn Hjallatún, Leikskólinn Skógarás, Leikskólinn Stapaskóli, Leikskólinn Tjarnasel, Leikskólinn Vesturberg, Leikskólinn Völlur, Listaskóli barna, Listasmiðja Fjörheima, Reiðskóli Mána, Sunddeild Keflavíkur, Ungmennaráð Reykjanesbæjar, Leikjaskóli Keflavíkur, Sport og ævintýraskólinn.

9. Fræðsludagur UNGRNB og forvarnardagur Fjörheima.

Ungmennaráð Reykjanesbæjar stóð fyrir fræðsludegi fyrir vinnuskólan. Fræðsludagurinn var haldinn þann 30. júní í Hljómahöll. Dagskráin samanstóð af hvetjandi fyrirlestrum, kynningu frá NFS og kynningu frá Ungmennaráði Reykjanesbæjar á starfsemi þess.

Fjörheimar stóðu fyrir forvarnardegi þann 7. Júlí, þar sem nemendur vinnuskólans voru fræddir um öryggi á vestum og rafhlaupahjólum. Dagskráin samanstóð af kynningum frá lögreglunni á Suðurnesjum, Slysavarnardeild Dagbjargar og Erni Bifhjólaklúbb Suðurnesja.

10. Heilsa og líðan starfsfólks vinnuskólans

Tíminn leiðir ítrekað í ljós að starfsánægja er mikil meðal starfsfólks vinnuskólans, það sjáum meðal annars á því að fólk sækist í starf hjá vinnuskólanum oft þrjú til fjögur sumur í röð, jafnvel oftar.

Forstöðumaður lagði þrisvar yfir sumarið ánægjukönnun fyrir yfirflokkstjóra og flokkstjóra. Könnunin var rafræn og órekjanleg. Niðurstöður leiddu í ljós mikla starfsánægju, starfsfólk greindi þó frá streitu í starfi sem má telja eðlilegt í starfi sem þessu með ungmennum, en á sama tíma lýsti fólk yfir mjög góðri líðan í starfi.

11. Atvik

Sumarið 2022 tilkynnti vinnuskólinn tvö mál til barnaverndar. Eitt eineltismál kom upp sem var leyst í góðri samvinnu með foreldrum þeirra sem áttu í hlut. Nokkur minniháttar skemmdarverk voru framin á vinnutíma og var foreldrum ávalt tilkynnt um þau. Fjölmörg hegðunarvandamál komu upp á vinnutíma, og var foreldrum ávalt tilkynnt um slík atvik og í flestum tilfellum bar það góðan árangur.